



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

7. fundur stjórnar 2025-2026 þriðjudaginn 25. nóvember 2025

kl. 12.00 - 14.00 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Hermína Gunnþórsdóttir, Kári Kristinsson, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 11. nóvember lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun
3. Jólagjafir til starfsfólks í stjórnsýslu og stoðþjónustu
4. Sparnaðaraðgerðir háskólanna og álag á akademískt starfsfólk
5. Umfjöllun um matarmál
6. Skipan fulltrúa á fulltrúaráðsfund Orlofssjóðs BHM þann 9. desember
7. Fundur trúnaðarmannaráðs
8. Vinnufundur stjórnar og út að borða með fyrri stjórn
9. Næsti fundur
10. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.05.

1. Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 11. nóvember lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt með breytingum.

2. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun.

Sigrún sagði frá stöðu mála. Margt fólk er óánægt með samskiptin við Fjársýsluna þar sem það hefur ekki fengið svör við sínum spurningum eða telur að svörin sem það fékk vera ófullnægjandi. Sigrún hefur verið í talsverðum samskiptum við Fjársýsluna vegna málsins og hefur farið fram á að fólk fái betri skýringar á launaseðlum í tengslum við endurgreiðslurnar.

Sigrún hefur fengið ráðgjöf frá lögfræðistofu um hugsanlega málsókn eða formlega kvörtun á vinnubrögðum Fjársýslunnar. Einnig er í skoðun hvort félagsfólk fari sjálft í mál sem væri fordæmisgefandi. Áfram er unnið með Fjársýslunni varðandi póst til félagsfólks með skýrari sundurliðun á launaseðlum.

3. Jólagjafir til starfsfólks í stjórnsýslu og stoðþjónustu.

FPR sendi erindi til rektors HÍ þann 24. nóvember síðastliðinn varðandi mismunum hvað varðar jólagjafir til starfsfólks. Starfsfólk HÍ fær sömu jólagjöfina en að auki fær starfsfólk í stjórnsýslu og stoðþjónustu tvo auka frídaga. Farið var fram á það að akademískt starfsfólk fái samsvarandi jólagjöf. Ef ekki verður komið til móts við kröfu félagsins er farið fram á að fá upplýsingar um hvað það kostar að veita starfsfólki í stjórnsýslu og

stoðþjónustu þessa aukadaga í frí um jólin. Félagið gerði athugasemd við fyrirkomulagið í fyrra en þrátt fyrir það var því ekki breytt.

4. Sparnaðaraðgerðir háskólanna og álag á akademískt starfsfólk.

Sigrún ræddi fyrirhugaðan niðurskurð á sviðum HÍ og auknar kröfur um sparnað. Staðan hjá HA var einnig til umræðu. Samþykkt var að útbúa minnisblað um málið sem verði afgreitt í tölvupósti og í kjölfarið tekin ákvörðun um næstu skref.

5. Umfjöllun um matarmál.

Umræða var um þær breytingar sem hafa átt sér stað á matarmálum hjá HÍ og þau loforð sem gefin voru í tengslum við þær. Sem dæmi átti að bæta gæði matarins í Hámu og að starfsfólk fengi afslátt hjá fleirum aðilum. Þá þarf að bæta mataraðstöðu starfsfólks. Rætt var um mikilvægi þess að fylgja málum eftir.

6. Skipan fulltrúa á fulltrúaráðsfund Orlofssjóðs BHM þann 9. desember.

Fundarboð barst um fund fulltrúaráðs Orlofssjóðs BHM þann 9. desember nk. kl. 12.00-13.30. Fundurinn verður í Borgartúni 27 og á Teams. FPR getur sent einn fulltrúa á fundinn. Samþykkt var að Sigrún verði fulltrúi félagsins á fundinum.

7. Fundur trúnaðarmannaráðs.

Fyrsti fundur trúnaðarmannaráðs félagsins verður miðvikudaginn 26. nóvember kl. 14.00-15.00 á Teams. Dagskrá fundarins var rædd. Farið verður yfir hlutverk trúnaðarmanna og hvernig skuli staðið að tilkynningu um kjör þeirra. Í lokin verða umræður um reynslu þeirra sem trúnaðarmenn.

8. Vinnufundur stjórnar og út að borða með fyrri stjórn.

Stefnt verður að vinnufundi stjórnar eftir áramót. Fundurinn verði á föstudegi í febrúar eða fyrir miðjan mars. Doodle könnun verður send til að finna hentugan tíma.

9. Næsti fundur.

Fundurinn sem var áætlaður þriðjudaginn 9. desember fellur niður.

Fyrsti fundur á nýju ári verður miðvikudaginn 7. janúar kl. 12.30-14.30 á Teams.

10. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.

Fundarritari: LP.